

SAMÞYKKT

um meðhöndlun úrgangs í Mýrdalshreppi.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

2. gr.

Mýrdalshreppur annast meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu á þann hátt og með þeim takmörkunum sem leiðir af samþykkt þessari, lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, og reglugerðum settum með stöð í þeim lögum.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, í umboði heilbrigðisnefndar, hefur eftirlit með meðhöndlun úrgangs skv. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, og að farið sé að samþykkt þessari.

Sveitarstjórn sér til þess að íbúar fái fræðslu um flokkun og aðra meðferð úrgangs, móttöku hans og förgun, t.d. með útgáfu leiðbeininga.

3. gr.

Markmið samþykktarinnar er:

- að lágmarka það úrgangsmagn sem fer til förgunar með því að auka endurnotkun, endurvinnslu og aðra endurnýtingu úrgangs,
- að lágmarka kostnað samfélagsins við meðhöndlun úrgangs,
- að kostnaður vegna úrgangs greiðist af þeim sem úrganginum veldur.

Í átt að hringrásarhagkerfi – heildarstefna Íslands í úrgangsmálum er lögð til grundvallar samþykkt þessari.

4. gr.

Mýrdalshreppur annast sorphirðu frá íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd á tilteknum þáttum meðhöndlunar úrgangs. Viðkomandi skal vera með staðfesta skráningu eða hafa starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd eða Umhverfisstofnun eftir því sem við á, sbr. ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

5. gr.

Húsráðendum s.s. húseigendum og öðrum umráðamönnum húsnæðis er skylt að nota þær aðferðir og þau ílát við geymslu og meðferð úrgangs sem sveitarstjórn ákveður hverju sinni, í samráði við heilbrigðisnefnd og í samræmi við lög og reglur þar að lútandi. Fasteignareigandi skal sjá til þess að fasteign hans fylgi nægilega mörg sorphlát og að þau séu endurnýjuð eftir þörfum.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn. Þær skulu staðsettar saman ef um fjölbýlishús er að ræða. Í deiliskipulagi nýrra hverfa skal tekið tillit til sorpgeymslna við skipulagningu. Ganga skal þannig frá sorphlátum og -geymslum að þau valdi ekki óþrifum eða óþægindum. Halda skal þeim við eftir þörfum og hreinsa reglulega. Sorpgeymslur má eingöngu nota til geymslu heimilisúrgangs.

Húsráðendur skulu halda ílátum hreinum og í góðu ástandi. Húsráðendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum og sorphlátum eins og þörf krefur til að halda ávallt greiðfærri leið að þeim.

6. gr.

Fyrir hverja íbúð skulu vera í það minnsta fjögur sorphlát, þ.e. fyrir pappír og pappa, fyrir plast, fyrir blandaðan úrgang og fyrir lífúrgang. Valkvætt er hvort íbúar í dreifbýli hafi sorphlát fyrir lífúrgang. Sveitarfélagið útvegar ílát.

7. gr.

Í sorpílát fyrir heimilisúrgang má aðeins setja þann úrgang sem við á, svo sem sbr. 6. gr., og í samræmi við nánari fyrirmæli sem kunna að verða sett um flokkun úrgangs. Sorphirðumönnum ber aðeins skylda til að losa viðurkennd sorpílát.

Oheimilt er að láta rúmfrekan garðaúrgang, jarðvegsefni, grjót og múrbrot, brotajárn, timbur, húsgögn, raf- og rafeindatæki og annan grófan úrgang í sorpílát. Oheimilt er að láta spilliefni, lyf eða annan hættulegan úrgang í sorpílát. Slíkum úrgangi, skal komið á viðurkennda móttöku- og söfnunarstöð. Sérstök söfnun á úrgangstegundum, öðrum en þeim sem tilgreindar eru í 6. gr., í samræmi við 10. gr. laga nr. 55/2003, fer fram á söfnunar- og móttökustöð sveitarfélagsins í Vík.

Oheimilt er að láta dýrahrae í sorpílát. Slíkum úrgangi skal komið á viðurkennda söfnunarstöð fyrir dýraleifar. Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skaði þá sem meðhöndla úrgang eða sorpílát, skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt.

Gæta skal þess að fylla ekki sorpílatin meira en svo að auðveldlega megi loka þeim. Húsráðanda ber að skila umfram úrgangi á viðurkennda móttökustöð á vegum sveitarfélagsins.

8. gr.

Hirða heimilisúrgangs skal fara fram reglulega eftir fyrirframgerðri áætlun, staðfestri af sveitarstjórn. Íbúum skal kynnt tíðni hirðu úrgangs með hæfilegum fyrirvara.

Allan úrgang sem að mati húsráðenda þarf að losa örar en gert er ráð fyrir samkvæmt áætlun þar um, skal húsráðandi sjálfur og á eigin kostnað losa í móttökustöð í Vík eða með því að óska eftir viðbótariláti sem innheimt verður fyrir skv. gjaldskrá.

9. gr.

Rekstraraðilar sem það kjósa geta sjálfir séð um að koma heimilisúrgangi í móttökustöð. Frágangur og umgengni um sorpílát, svo og flutningur á úrgangi frá þessum aðilum skal vera í samræmi við fyrirmæli heilbrigðisnefndar. Slíkir aðilar geta jafnframt notað þjónustu sveitarfélagsins í samræmi við gjaldskrá.

Rekstrarúrgangi sem fellur til við atvinnurekstur skal safna saman og flytja á brott þegar í stað eða geyma með þeim hætti að óhollusta eða óþrifnaður stafi ekki af. Rekstrarúrgang skal geyma í hentugum og heilum ílátum þannig gerðum að auðvelt sé að tæma þau. Rekstraraðili skal sjá til þess að rekstri hans fylgi nægilega mörg ílát og þau séu lagfærð og endurnýjuð eftir þörfum. Rekstraraðili ber einnig ábyrgð á nauðsynlegri hreinsun nálægs umhverfis. Sveitarfélagið getur ef hentugt þykir skipulagt söfnun sérstaks rekstrarúrgangs sem er endurvinnsluhæfur, svo sem landbúnaðarplasts.

II. KAFLI

Gjaldtaka vegna meðhöndlunar úrgangs.

10. gr.

Sveitarstjórn skal innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Gjaldið skal ákveðið í gjaldskrá sem sett er samkvæmt 4. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og sbr. einnig 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjöld mega aldrei vera hærri en nemur þeim raunkostnaði sem verður til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi, svo og við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarstjórn er heimilt að haga gjaldskrá fyrir sorpgjöld með þeim hætti að það hvetji íbúa til að draga úr sorpmagni sem fer til urðunar.

Heimilt er að leggja gjöld þessi á hverja fasteign, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur þjónustunnar. Gjöld skal miða við fjölda sorphirðuílláta, hvort sem um er að ræða flokkaðan eða óflokkaðan úrgang og tíðni söfnunar. Heimilt er að innheimta móttökugjald hjá íbúum, fyrirtækjum og stofnunum samkvæmt magni og efnisflokki úrgangs, sbr. 9. gr.

Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjaldskránni skal vísa til þessarar samþykktar.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

11. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna meðhöndlunar úrgangs, skal hann koma slíkri kvörtun á framfæri við skrifstofu Mýrdalshrepps, framkvæmdaraðila eða til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Stjórnvaldsákvæðanir sem teknar eru á grundvelli samþykktar þessarar eru kæránlegar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í samræmi við 1. mgr. 67. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

12. gr.

Óheimilt er að losa úrgang annars staðar en á móttöku eða söfnunarstöð eða í sorpílát. Bannað er að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma úrgang á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýtum á umhverfinu. Þetta gildir jafnt um minni eða stærri hluti. Starfsmönnum sveitarfélagsins er heimilt, í umboði heilbrigðisnefndar, að fjarlægja hluti sem eru geymdir þannig að brjóti í bága við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs eða reglugerðir settar samkvæmt þeim. Heimilt er að undangenginni viðvörun að fjarlægja slíka hluti. Skal viðvörunin vera í formi límmiða, sem festur er á tækið. Viðvörunin skal auðkennd Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.

Heimilt er að hafa á lögbýlum afmörkuð geymslusvæði fyrir númerslausar bifreiðar, báta eða önnur tæki í eigu ábúenda, að því gefnu að ekki sé um úrgang að ræða í skilningi laga um meðhöndlun úrgangs, og skal leitast við að hafa sjónræn áhrif þeirra í algjöru lágmarki. Tryggja skal að ekki stafi af þeim mengunarhætta vegna leka af olíu eða öðrum efnum. Öðrum er skylt að sækja um geymslusvæði fyrir slíka hluti og verða þau erindi afgreidd af byggingarfulltrúa sveitarfélagsins.

13. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. XIII. kafla laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

14. gr.

Samþykkt þessi var samþykkt af sveitarstjórn Mýrdalshrepps 13. mars 2024. Samþykktin er sett samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, og staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 4. apríl 2024.

F. h. r.

Guðmundur B. Ingvarsson.

Trausti Ágúst Hermannsson.